

Nr. 19-043 S 032 Blængur NK 125***Skipverji slasast á augum***

Skipaskr.nr. 1345
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m *Skráð lengd:* 71,0 m
Breidd: 11,60 m *Dýpt:* 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 25



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. desember 2018 var frystitogarinn Blængur NK 125 á siglingu á Austfjarðarmiðum. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að þrifa vinnsluþilfarið í lok veiðiferðar. Einn þeirra var að taka út þrifin og tók eftir því að dammur var ekki nógu vel þrifinn. Þegar hann ætlaði að þrifa hann betur rak hann hné í gikkinn á háþrýstibyssunni með þeim afleiðingum að hún sprautaði hreinu vatni upp í bæði augu hans.

Við rannsókn kom fram:

- að öryggishlíf fyrir gikkinn á háþrýstibyssunni vantaði en hún hafði brotnað af;
- að háþrýstibyssan var með spíss sem hægt var að beygja í allar áttir;
- að skipverjinn var ekki með öryggisgleraugu;
- að eftir slysið var allur búnaður sem notaður var við þrif yfirfarinn og því skipt út sem var ekki í lagi;
- að eftir slysið voru innleiddar verklagsreglur varðandi þrif á vinnsluþilfari á öllum skipum útgerðarinnar þ.m.t. notkun öryggisgleraugna.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að mikilvægur öryggisbúnaður var ekki í lagi og að ekki voru notuð öryggisgleraugu.